

## SAMÞYKKT

### um fráveitur í Hvalfjarðarsveit.

#### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur í Hvalfjarðarsveit.

#### 2. gr.

Hvalfjarðarsveit starfrækir fráveitur í þéttbýli í Hvalfjarðarsveit. Undir fráveitu Hvalfjarðarsveitar falla allar lagnir fráveitunnar, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum. Götufráræsi að fráræsum húseigna eru eign hennar. Sömuleiðis allar fráveitubúnaður, brunnar, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

#### 3. gr.

Sveitarsjóður kostar rekstur fráveitna Hvalfjarðarsveitar samkvæmt 2. gr. og framkvæmdir við þær. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir árlega til þess fé í fjárhagsáætlun sveitarsjóðs. Sveitarfélagið eða starfsmenn á þess vegum fara með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitna.

#### 4. gr.

Fráveita Hvalfjarðarsveitar veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

#### 5. gr.

Þar sem fráveita Hvalfjarðarsveitar er fyrir hendi skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðarmörkum fasteigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn. Hvalfjarðarsveit ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

#### 6. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

#### 7. gr.

Sérhver eigandi fasteignar á starfssvæði fráveitu Hvalfjarðarsveitar skal leggja og kosta fráveitulagnir frá húseign sinni og lóð að lóðarmörkum, í samræmi við lóðaruppdrátt eða byggingarskilmála.

#### 8. gr.

Þegar tengja skal fráveitu húseigna við fráveitu Hvalfjarðarsveitar skal sækja um það til skrifstofu sveitarfélagsins. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra, ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna. Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins.

## 9. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu Hvalfjarðarsveitar séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélaginu er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

## 10. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki. Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olúur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins eða skaðað viðtaka. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

## 11. gr.

Þar sem hætta er talin á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um frárásilagnir frá húseigendum vegna ofanvatns eða hárrar grunnvatnsstöðu, skulu húseigendur koma fyrir á sinn kostnað sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

## 12. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn húseigna sinna um rotþrær og siturleiðslur eða aðra sambærilega hreinsun. Eigendur fasteigna skulu sækja um leyfi til niðursetningar rotþróar eða safntanks til sveitarfélagsins. Umsókn skal fylgja sérteikning sem sýnir gerð, stærð og staðsetningu. Slík rotþró og lagnir eru eign húseiganda.

## 13. gr.

Rotþró er tankur til botnfellingar og hreinsunar á föstu sviflægu efni úr skólpi. Um stærð, gerð og frágang rotþróar fer samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.

## 14. gr.

Hvalfjarðarsveit eða aðilar á hennar vegum annast hreinsun rotþróar frá öllu húsnæði í sveitarfélaginu í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar.

## 15. gr.

Sveitarstjórn ákveður að fengnum tillögum framkvæmdaaðila tíðni hreinsunar. Ákvörðun um tíðni skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins, svo og ef um breytingar er að ræða, með hæfilegum fyrirvara.

Rotþró skal þó eigi hreinsa sjaldnar en á þriggja ára fresti. Heilbrigðisnefnd getur mælt fyrir um örari hreinsun ef aðstæður krefja.

## 16. gr.

Afrennsli frá ofnum, afbræðslukerfum, þakvatn og annað yfirborðsvatn skal ekki leiða í rotþró.

## 17. gr.

Staðsetja skal rotþró og tilheyrandi siturlögn og/eða sandsíu innan lóðar. Fjarlægð frá þró í mörk aðliggjandi lóðar skal aldrei vera minna en 10 m. Verði siturlögn eða sandsíu ekki

komið fyrir innan lóðar viðkomandi húseignar getur byggingarfulltrúi samþykkt annað fyrirkomulag ef samþykki hlutaðeigandi lóðarhafa liggur fyrir. Eigendur húseigna á frístunda-  
svæðum skulu, eftir því sem aðstæður leyfa, sameinast um rotþró og siturleiðslur. Að öðru leyti skal farið eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um niðursetningu rotþróa og siturlagna.

## 18. gr.

Allar lagnir vegna rotþróar skulu lagðar nægilega djúpt í jörðu svo að þær séu ætíð frostfrjár.

## 19. gr.

Fráveituvatni úr rotþró skal veitt í útloftaða siturlögn og/eða sandsíu. Byggingarfulltrúa er heimilt að fenginni umsögn heilbrigðisfulltrúa að leyfa að afrennsli rotþróar fari í grjótpúkk verði öðru ekki við komið og ekki ástæða til að krefjast safntanks.

## 20. gr.

Rotþró skal hreinsa í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar. Húseigandi skal sjá um að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni og safntanki. Hreinsunaraðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar til verksins.

## 21. gr.

Sveitarfélagið getur með samningi heimilað eiganda húseignar sem tengd er rotþró að annast sjálfur hreinsun. Hreinsunin skal framkvæmd af aðila sem hefur starfsleyfi til holræsa-hreinsunar, sbr. 20. gr. og í samningi skal kveðið á um tíðni hreinsana og skil á staðfestingarvottorðum.

## 22. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna hreinsunar rotþróa skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til eftirlitsaðila verksins.

## 23. gr.

Sveitarstjórn skal setja gjaldskrá á grundvelli samþykktar þessarar að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við söfnun og förgun seyru.

Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Rotþróargjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld sveitarfélagsins. Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um meiri kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við aðrar byggingar er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

## 24. gr.

Sveitarfélagið innheimtir stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóðamörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið er ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

## 25. gr.

Af þeim fasteignum í Hvalfjarðarsveit sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða gjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

## 26. gr.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

## 27. gr.

Gjaldið greiðist af skráðum eiganda fasteignar, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Gjaldið má taka fjárnámi í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

## 28. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

Sveitarstjórn er einnig heimilt í samræmi við ákvæði í lögum nr. 137/1995 að nýta sér heimild um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega..

## 29. gr.

Hvalfjarðarsveit er heimilt að semja við utanaðkomandi aðila um rekstur fráveitu sveitarfélagsins í einu lagi eða með fleiri samningum.

## 30. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlut- aðeigandi heimildarlaga, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

## 31. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar og staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og ákvæðum X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 5. júní 2008.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Sigurbjörg Samundsdóttir.*